

**Messur á morgun****Arbæjarprestakall**

Barnasamkoma í Arbæjarskóla kl. 10.30. Föstumessa Arbæjarkirkju kl. 2.00. Litanian flutt. Séra Guðmundur Þorsteinsson.

**Breiðhólsprestakall**

Fella- og Hólasókn: Guðsþjónusta í Fellaskóla kl. 2.00. Sunnudagaskóli kl. 10.30. Séra Lárus Halldórsson.

**Kirkja Óháða safnaðarins**

Messa kl. 11.00. Útvarpsmessa (ath. breyttan messutíma). Séra Emil Björnsson.

**Bænastaðurinn Fálkagötu 10**

Sunnudagaskóli kl. 11.00. Samkoma kl. 4.00.

**Keflavíkurkirkja**

Messa kl. 2.00. Barnaguðsþjónusta kl. 11.00. Björn Jónsson.

**Stokkseyrarkirkja**

Guðsþjónusta kl. 14.00. Barnaguðsþjónusta kl. 10.30. Sóknarprestur.

**— Veturlíði****Framhald af bls. 19**

alveg hvort hún hafði talað af sér. „Eða er þetta kannski grín,“ bætti hún við.

„Þetta er allt saman grín, Ingunn mín,“ sagði Veturlíði og í því opnuðust dyrnar inn í salinn. Ólöf Pálsdóttir myndhöggvari kom inn og listamennirnir heilsuðust. Hún kvaðst hafa mátt til að sjá sýninguna þótt ekki væri á opnunartíma. Því hún væri að fara til útlanda.

„Það er aldeilis rómantik í þér Veturlíði,“ sagði hún og síðan röbbuðu þau um stakar myndir og stemninguna í þeim. „Mér finnst þetta bezta sýningin þín, Veturlíði,“ sagði Ólöf um leið og hún kvaddi á hraðferð sinni út í heim í þágu Íslands.

Eg spurði Veturlíða hvert myndaefnið á sýningunni væri sótt.

„Margar myndirnar eru sóttar til Vestfjarða og austur á Strandir í hitteðfyrri. Eg á í heila sýningu þaðan. Merkilegt að Strandirnar hafa alveg orðið útundan hjá ljósmyndurum, en þar eru hrikaleg mótíf fyrir málara. Þá eru einnig Bolungarvíkurmyndir eftir gömlum skissum. Eg geri skissurnar oft mjög natúralistiskar, en mér finnst kústin að gera þetta látaust og einfalt, láta litunum koma vel saman eins og þeir séu nýtrúlofaðir.“

**— Minning Alexander****Framhald af bls. 24**

yfir farinn veg. Jafnaldrar mínir hverfa af sjónarsviðinu einn á eftir öðrum. Alexander er í þeirra hópi, en hjartar minningar eru dýrmætt veganesti.

Fráfall hans kom ekki að óvörum, því hann átti við alvarlegan sjúkdóm að stríða. Með hækkandi sól og lengri degi kvaddi hann þetta jarðneska líf og flutti til æðri heima í fullri vissu þess að þar ætti hann góða heimkomu.

Eg kveð þennan skólalabróður og vin. Eftirlifandi eiginkonu hans bið ég algóðan guð að styrkja í þungri raun. Hafi hann þökk fyrir allt og allt.

Jakob Þorsteinsson.



**Morgunblaðið**  
**AUGLÝSINGAR**  
**22480**

**BINGÓ**

í Glæsibæ, sunnud. 24. marz kl. 3.  
Glæsilegir vinningar, meðal annars:  
Glasgow, gullúr og málverk.  
Spilaðar 14 umferðir.  
Aðgangseyrir aðeins rúllugjald.  
Komið og freistið gæfunnar.

Nefndin.

**Hótel Akranes****Opið í kvöld****Hljómsveit?****Alpýðuhúsið Hafnarfirði**

Það er hljómsveitin DÖGG, sem sér um fjörið í kvöld.

**Festi Grindavík**  
**Styrktardansleikur vegna kirkjubyggingarinnar****Hljómsveitin Pónik**

ásamt söngvurunum Þorvaldi Halldórssyni og Erlendi Svavarssyni skemmta.  
Sætaferðir frá B.S.Í. kl. 9.30.

Kvenfélagið.

**LINDARBÆR****GÖMLU DANSARNIR**

í KVÖLD KL. 9—2.

HLJÓMSVEIT

ÁSGEIRS

SVERRISSONAR

SÖNGVARAR:

SIGGA MAGGÝ OG

GUNNAR PÁLL

Miðasala kl. 5.15 — 6.

Sími 21971.

GÖMLUDANSACLÚBBURINN.

**OPIÐ Í KVÖLD!** Dansað til kl. 2.00  
Matur framreiddur frá kl. 19.00  
Borðapantanir frá kl. 16.00 í síma: 52502  
Borðum eigi haldið lengur en til kl. 21.00

Veitingahúsið  
**SKIPHÓLL** Strandgötu 1 · Hafnarfirði · ☎ 52502

**HÓTEL SAGA SÚLNASALUR****Frönsk veizla Sunnukvöld**

Í tilefni af því að í sumar gefst Íslendingum í fyrsta sinn kostur á beinu þotuflugi til sóarstranda Frönsku Rivierunnar og Monte Carlo verður Frönsk veizla og Riviera hátíð í Súlnasalnum á Hótel Sögu sunnudagskvöld 24. apríl.

1. Franskur veizlumatur kl. 19.00. Matseðill: Filet de porc en chemise. Ljúffengur franskur hátíðaréttur nýstárlegur fyrir Íslendinga, framreiddur af franska matreiðslumeistararum Francois Fons. Veizlumatarverð aðeins kr. 825.-
2. Einsöngur: Gardar Cortes, óperusöngvari.
3. Sagt frá hinum fjölbreyttu ferðamöguleikum á vegum Sunnu m.a. upplýsingar um leigufærir Sunnu beint til Nizza og Monte Carlo.
4. Bingó: Vinningar hvorki meira né minna en þrjár utanlandsferðir Mallorca, Costa del Sol og auðvitað ferð til Nizza og Monte Carlo.
5. Hljómsveit Ragnars Bjarnasonar leikur fyrir dansi til klukkan eitt af sínu alkunna fjöri.

**Athugið.** Missið ekki af þessu einstæðu og ódýru skemmtun, sem ekki verður endurtekin.

Borðpantanir hjá yfirþjóni í Súlnasal daglega eftir kl. 15.00. Sími 20221.

Ferðaskrifstofan Sunna.